



Fregnir

Soroptimistasamband Íslands 47. árg. apríl 2021 nr. 124





HVATNING SOROPTIMISTA

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

MARKMIÐ SOROPTIMISTA

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

SOROPTIMISTAR SKULU BEITA SÉR FYRIR:

Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi.
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.



Ritnefnd, frá vinstri efst: Halla Björg Baldursdóttir ritstjóri,
Jóna Kristbjörnsdóttir, Margrét Helgadóttir og Sigríður Inga
Sigurðardóttir

Fregnir er mál gagn Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: www.soroptimist.is

Netfang: soroptimist@soroptimist.is

Ritnefndin óskar eftir greinum í næsta blað Fregna.

Vinsamlegast sendið efni á netfangið fregnir@soroptimist.is

Forsíðumynd: Halla Björg Baldursdóttir

Umbrot og hönnun blaðs: Gígja Ívarsdóttir - gigja@kompanhonnun.is

Kæru systur.

Í þessu öðru blaði sem við systur í Soroptimistaklúbbsi Hafnarfjarðar og Garðabæjar ritstýrum er ekkert sérstakt þema, en í síðasta blaði var það COVID-19, sem þá átti að vera að fjara út. Í blaðinu nú, með engu þema, er skemmtilegt að segja frá því að í níu greinum af tólf er COVID-19 nefnt og/eða fjallað um að einhverju leyti. Svo vitnað sé í grein Ölmú Guðmundsdóttur: „Hver hefði trúað því fyrir ári síðan að haustfundur í raunheimum yrði flautaður af og nú aftur landssambandsfundur?“ Eins gott að við vissum þetta ekki þá og enn geisar farsótt. Nú stýttist í næsta rafræna landsambandsfund, en hér í blaðinu eru kynntar þær systur sem gefa kost á sér til starfa fyrir landssambandið. Horfum fram á veginn og vonandi hittumst við á raunverulegum landssambandsfundi eftir ár.

Efni blaðsins er alls konar og sýnir fjölbreytt starf soroptimistaklúbbsa og systra. Það kemur glögg fram að systur hefur alls ekki liðið illa þetta síðasta ár og hefur það jafnvel verið systur hvatning á ýmsan hátt. Stærsta grein blaðsins fjallar um SIGURHÆÐIR, það frábæra verkefni Soroptimistaklúbbs Suðurlands sem nú er hafið. Við óskum þeim velfarnaðar í þessu starfi, þótt ómurlegt sé að svona starfsemi þurfi yfirleitt að vera til staðar. Áfram stelpur!

Næsta blað Fregna kemur út í haust. Þá lítum við væntanlega um öxl, þar sem Soroptimistasamtökin fagna eitt hundrað ára afmæli og ekki úr vegi að þema þess blaðs tengist Soroptimistum í eitt hundrað ár. Afmælinu verður fagnað á ýmsan hátt hér heima og á alheimsvísu með afmælisfagnaði í netheimum 1.–3. október. Vonandi getum við fagnað almennilega í raunheimum hér heima.

Við hlökkum til að taka á móti greinum í næsta blað og þökkum kærlega fyrir aðsendar greinar hér. Njótið blaðsins og gleðilegt sumar.

Ritnefnd



Kæru systur,

Það eru páskar nýliðnir og vorið á næsta leiti með von um betri tíð og aukid frelsi. Á vorin halda samtökin okkar uppskeruhátíð sína á landsambandsfundum og fara yfir og meta það frábæra starf sem unnið er í samtökunum og klúbbum um allt land. Í stað þess að hverfa í helgarferð á Snæfellsnesið eins og áætlað var verður landsambandsfundurinn haldinn þann 24. apríl og munum við í skugga COVID-19 nýta okkur tæknina og hittast í netheimum. Við búum að mikilvægri reynslu frá síðasta landsambandsfundum og reiknum með að fundurinn í ár verði með svipuðu sniði. Hver hefði trúað því fyrir ári síðan að haustfundur í raunheimum yrði flautaður af og nú aftur landsambandsfundur? Fyrir sálina var gott að vita þetta ekki þá, því ef það er eitthvað sem ég hef tekið eftir síðustu misserin er hversu hollt og gott það er að hlakka til og ég finn hvað ég hlakka mikið til að hitta ykkur í september á haustfundum í raunheimum.

Ekki er hægt að minnst á COVID-19 og fjarfundum án þess að líta til þeirra breytinga sem starf soroptimista hefur tekið á meðan veiran hefur sett mark sitt á lífið og tilveruna. Mitt mat er að við höfum eflst við þessa raun, klúbbar hafa verið ákafir í að halda starfinu gangandi og systur nýtt sér tæknina til að halda fundum. Í desember þegar jólafundir voru á dagskrá þá skorti systur ekki hugmyndir til að létta lundina og skemmta sér yfir netið.

Þátttaka og sýnileiki klúbba þá daga sem samtökin hafa kosið að leggja áherslu á hefur verið aðdunarverður. Fyrir áramótin í 16 daga átaki roðagylltum við heiminn frá 25. nóvember til 10. desember með stórkostlegum hætti og í tilefni af baráttudegi kvenna þann 8. mars mátti sjá klúbba baða sig fjölbláu og minna þannig á tilefnið.

Þann 19. júní, á sjálfan kvenréttindadaginn, hefur forseti boðað að haldið verði upp á daginn með því að gróðursetja tré og þess þannig minnst að samtökin á alþjóðavísu eru 100 ára. Afmælisnefnd hefur verið sett á laggirnar og í henni sitja ásamt undirritaðri, Ellen Tyler frá Kópavogsklúbbum, Guðrún Bragadóttir frá Akranesklúbbum, Þórdís Björnsdóttir frá Hóla- og Fellaklúbbum og Þórunn Hálfðanardóttir frá Austurlandsklúbbum. Hlutverk nefndarinnar er að halda utan um þá atburði sem tengdir verða 100 ára afmælinu. Áherslur nefndarinnar eru á sögunum og að tengjast upprunum. Hugað verður að eldri systurum og þeim áherslum að byggja brýr á milli kynslóða. Tilnefningar frá klúbbum um systur verða nýttar til að kynna þá fjölbreyttu flóru frábærra kvenna sem starfa innan hreyfingarinnar. Við munum heldur ekki þreytast á að minna á markmiðin okkar og að menntun og jafnrétti getur læknað svo margt, kennt okkur umburðarlyndi og dregið úr ofbeldi.

Á haustfundinum sem haldin verður á Laugabakka í september munu systur minnst árána 100 og gleðjast yfir því frábæra starfi sem samtökin standa fyrir, einnig á að rífa upp söguna því það er margt að minnst. Einhverjar systur höfðu örugglega sett markið á að vera í afmælisfögnuði í San Francisco í október eins og boðað hafði verið til, en vegna COVID-19 var viðburðurinn felldur niður.

Um liðna helgi tóku nokkrar systur, ásamt systurum í Suðurlandsklúbbum, þátt í opunarhátíð Sigurhæða. Verkefnið Sigurhæðir snýst um þjónustu við konur, 18 ára og eldri, sem eru þolendur kynbundins ofbeldis í hvaða mynd sem er. Sigurhæðir er sunnlegt úrræði og er staðsett á Selfossi. Það var ekki bara ánægjulegt að vera viðstödd hátíðina og upplifa það þrekvirki sem unnið hefur verið, það var ekki síður gleðilegt að finna þann stuðning og hvatningu sem verkefnið fékk frá þeim fjölmörgu og mikilvægu aðilum sem fluttu erindi með árnaðaróskum á hátíðinni.

Að lokum langar mig að segja ykkur frá yndislegri bók sem ég er að lesa og heitir „The Choice, embrace the Possible“, endurminningar Dr. Edith Eva Eger, en hún er ein af þeim örfáu sem enn eru á lífi og lifðu af útrýmingarbyggingunni. Hún er eðlilega orðin háöldruð og það gerir bókina enn áhugaverðari. Það sem mig langar að deila með ykkur er rauði þráðurinn í gegnum alla bókina sem er þetta val eins og heiti bókarinnar ber með sér. Hennar niðurstaða er að í öllum aðstæðum eigum við val, líka í þeim gríðarlega erfiðu aðstæðum eins og að lenda í útrýmingarbyggingum. Hún bendir svo fallega á að við eigum alltaf val um að velja okkur viðhorf í öllum aðstæðum.

Nú þegar við enn og aftur stöndum frammi fyrir skertum lífsgæðum vegna COVID-19 er gott að hafa í huga að við höfum val um viðhorf okkar og hvernig við tökumst á við þessar aðstæður. Það er í okkar höndum að velja hvernig við tökumst á við verkefnið og hvaða hugsanir við setjum í hug og hjarta. Að vera soroptimisti er að vera bjartsýn. Gildi og viðhorf samtakanna hjálpa okkur að velja viðhorf og eins og þið þekkið þá höfum við „valið að vaxa“ og það finnst mér svo sannarlega að við systur höfum gert á tímum COVID-19 og munum halda áfram að gera.

Megi vorið og sumarið færa okkur öllum gleði, frelsi og hamingju.

Alma Guðmundsdóttir
Fyrsti varaforseti Síli 2020-2021



*Júniana Björg Óttarsdóttir
og Sigríður Þórarinsdóttir úr
Soroptimistaklúbbi Snæfellsness ásamt
Hildi verkefnisstjóra fyrir framan
fána Soroptimistasambands Íslands.*

LEIÐ TIL HUGREKKIS

og betra lífs

FRÁSÖGN AF OPNUNARHÁTIÐ SIGURHÆÐA

Þegar gestir streymdu inn í Listasafn Árneseinga í Hveragerði laust fyrir kl. fjögur laugardaginn 20. mars síðastliðinn tóku á móti þeim ljúfir tónar frá jazzkvartettinum Kvarts, sem fylltu glæsileg húsakynninn mýkt og gleði. Góður hljómburður og ofanbirta ofan í sali safnsins sem skryddur var glæsilegum málverkum um alla veggir sló töfrum á þessa sögulegu stund. Heilsast var með olnbogum, fingurkossar sendir, skvaldrað og hlegið – undir grímunum. Brosin náðu til augnanna og komust til skila. Til hliðar í rúmgóðum forsal safnsins var gjafaborð – þar voru blómvendur lagðir og aðrar góðar gjafir. Fyrir miðju forsalarins var búið að koma fyrir fána Soroptimistasambands Íslands.

Gljásvartur ráðherrabíllinn renndi í hlað fimm mínútur í fjögur og út steig dómsmálaráðherrann, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir. Aðstandendur opunarhátíðar SIGURHÆÐA höfðu verið með fiðring í kviðnum yfir því hvort hún myndi forfallast á síðustu stundu þannig að ekkert yrði af fyrsta ávarpinu á dagskránni. Hafði hún ekki einmitt rétt í þessu verið um borð í þyrlu Landhelgisgæslunnar yfir gosstöðvunum? Já, þau eru mörg ráðherraverkin, rétt eins og morgunverkin.

Í aðalsal Listasafnsins voru stólaraðir, um 80 sæti í allt, og var sest í þau öll. Í hverju sæti var kort með merki SIGURHÆÐA og númeri á röð og sæti. Voru gestir beðnir um að kvitta á kortið með nafni, kennitölu og símanúmeri. Ef til smitakningar kæmi skyldi ekkert upp á SIGURHÆÐINGA að klaga. Núna hafði



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra talaði af innilegri sannfæringu um þá breiðu samstöðu sem náðst hefur á vettvangi stjórnmálanna í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

COVID-19 haldið sér nokkuð til hlés um skeið og samkomutakmarkanir höfðu verið rýmkaðar. Það var svo fáeinum dögum síðar sem sóttvarnareglur voru hertar aftur svo um munaði. Þessi samkunda hefði ekki getað farið fram hefði hún verið aðeins örlitlu seinna á ferðinni. Hvorki gos né heimsfaraldur högguðu þessari hátíð.

BÆTUM HEIMINN – BREYTUM HEIMA

Systurnar í Soroptimistaklúbbi Suðurlands önduðu léttar. Í dag small allt saman. Þeim varð hugsað til 19. maí árið áður þegar stjórn klúbbsins fór á flug í umræðu um hvernig klúbburinn gæti betur starfað að háleittum markmiðum Soroptimista hér heima sem um allan heim. Markmiðum um jafnrétti kynja, gegn kynbundnu ofbeldi, fyrir mannréttindum, framförum og friði. Hvernig getum við starfað í anda einkunnarorðanna Think Global – Act Local? Hvernig getum við best lagt heimabyggð lið? Hvar kreppir skórin mest? Hvað vantar í okkar annars góða samfélag á Suðurlandi? Já, Bætum heiminn – breytum heima!

Svarið kom á þessum fundi. Við vitum að kynbundið ofbeldi spyr ekki um stað, stétt eða stöðu. Kynbundið ofbeldi er rótgróin staðreynd, sem gegnsýrir öll samfélög. Um 40% kvenna hafa upplifað það í einhverri mynd. Það er gríðarlega hátt hlutfall. Trúa mátti að líklegast væri Suðurlandið hvorki hótinu betra né verra en landið í heild þegar kemur að kynbundnu ofbeldi. Síðar átti eftir að koma í ljós í vandaðri greinargerð Ívars Karls Bjarnasonar, sérfræðings í jafnréttisfræðum, sem unnin var fyrir SIGURHÆÐIR, að tíðni ofbeldis á Suðurlandi er aðeins hærrí en landsmeðaltalið. Engin sérhæfð úrræði eru til staðar í landshlutanum og hindranir í vegi þegar sækja þarf þjónustu til höfuðborgarinnar. Ekki aðeins er yfir fjallveg að fara, ekki aðeins geta veður verið válynd, ekki hafa allir bíl til umráða, stundum er fylgst með tímanum sem í ferðina fer, stöðunni á bensínælinum eða eignum kílómetrum... og sérstaklega þegar mætt er endurtekið.

NÝTT TÆKI Í VERKFÆRAKISTUNNI

Svarið kom á þessum fundi. Spurnarsvipurinn á stjórnarkonum hvarf



Aldís Hafsteinsdóttir þeigarstjóri í Hveragerði heldur á lofti korti sem fylgdi gjöf Hveragerðinga til SIGURHÆÐA, en kortið er skrytt mynd af Vigdísí Finnbogadóttur.

þó ekki. Getum við valdið svona stóru verkefni? Svarið lá í augum uppi. Þetta gerir enginn einn aðili – og á ekki að gera það. Lykillinn að því að verkefni sem SIGURHÆÐIR verði komið á fót er að það sé samvinnuverkefni margra, samhæfingarvettvangur þeirra sem hvað stærstu hlutverki hafa að gegna í málaflöknum á Suðurlandi. Hlutverk Soroptimista yrði að kalla þessa aðila saman, skapa þeim vettvang og fá þá til að fylkja sér um þjónustuúrræði sem yrði viðbót við það sem þegar er í boði. Nýtt tæki í þeirra eigin verkfærakistu. Þetta nýja tæki yrði, auk samhæfingarvettvangsins sjálfs, faglegt meðferðarstarf og sérhæfð áfallameðferð, veitt af þeim færustu á þessu sviði. Elísabet Lorange, listmeðferðarfræðingur, og Jóhanna Kristín Jónsdóttir, sálfræðingur og sérfræðingur í áfallameðferð, komu undraskjött svifandi í fangið á SIGURHÆÐUM, rétt eins og ráðum væri ráðið á æðri stöðum.

Systurnar bar fyrst niður hjá stærsta sveitarfélaginu, Árborg. Rétt fyrir sumarfrí var hugmyndin kynnt fyrir deildarstjóra félagsþjónustu Árborgar, Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, sem síðar lagði hana fram fyrir félagsmálanefnd sveitarfélagsins. Fyrstu viðbrögð hennar voru lofsverð. „Ég hef verið að bíða eftir frumkvæði sem þessu, úr grasróttinni,“ sagði hún og gaf ádrátt um gegnheilan stuðning Árborgar – með öllum þeim fyrirvörum sem opinberum starfsmanni sem á alla stærri ákvarðanatöku að sækja til hins pólitíska valds ber að setja. Eftir sumarið lá ákvörðun félagsmálanefndar, staðfest af bæjarráði, fyrir. Gengið skyldi til samstarfs við Soroptimistaklúbb Suðurlands um SIGURHÆÐIR.

BJARTSÝNI OG VALDEFLING

Með Árborg innanborðs – og þeirri bjartsýni og valdeflingu sem því fylgdi – var samtalið tekið við önnur sveitarfélög á Suðurlandi, lögregluna á Suðurlandi, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Kvinnaráðgjöfina, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Markþjálfafélag Íslands. Það stórkostlega gerðist – allir þessir aðilar hétu þátttöku í SIGURHÆÐUM. Kvinnaráðgjöfina, sem sinnir lögræðilegri ráðgjöf við skjólstæðinga, hafði líka verið að bíða eftir frumkvæði frá Sunnlendingum. Mannréttindaskrifstofa Íslands hét sérfræðiaðstoð við móttöku kvenna af erlendum uppruna og Markþjálfafélag Íslands – önnur nýjungin í þjónustu SIGURHÆÐA – tók systur fagnandi. Á sama tíma var

Sigurhæðir - Veljum að vaxa

Á Suðurlandi konur tengdu tryggðarbönd og tilgangurinn hjörtu okkar bræðir. Þær veita von og kærleik og haldast hönd í hönd með stolti vilja kynna Sigurhæðir

Ef erfiði og ógnir, ykkur steðja að og einsemdin er sálina að buga. Þá getum við með gleði boðið þennan stað og gæðafólk, sem að ykkur mun huga.

Systur allar velja að vaxa sérhvern dag þó vegurinn sé ekki alltaf sléttur. Ef sterkar höldum saman og bætum allra hag þá verður sælla að feta lífsins fléttur.

*Þorgerður Þóra Hlynisdóttir,
Soroptimistaklúbbi Við Húnaflóa*

leitað ráða og þekkingar hjá alls konar systursamtökum, Drekaslód, Stígamótum, Kvennaathvarfi, Rótinni, Bjarkarhlíð í Reykjavík og Bjarmahlíð á Akureyri. Hvarvetna var Soroptimistum tekið opnum örmum og samstarfi heitið. Verkefnisstjórn skipuð fulltrúum allra samstarfsaðila hélt sinn fyrsta fund 2. desember 2020.

Og nú var komið að opunarhátíðinni á vorjafndægri 20. mars þegar birtan verður myrkrinu yfirsterkari. Að baki var margháttaður undirbúningur. Endanleg gerð á verkefnislýsingu, samningar við meðferðaraðila, samstarfsyfirlýsingar. Hátt í hundrað styrkumsóknir. Bréfaskriftir, tölvupóstar, fundir, hönnunarvinna, fræðileg skrif um ofbeldi á Suðurlandi, heimasíðugerð, prentun á bæklingi, samningar við Háskóla Íslands um ytra mat, tvö kynningarmyndbönd, námskeið fyrir Soroptimistasystur sem munu sinna móttöku og símsvörun í SIGURHÆÐUM, kynningar á verkefninu hér og þar.

EKKERT JAFNRÉTTI MEDAN KYNBUNDIÐ OFBELDI LÍÐST

Áslaug Arna dómsmálaráðherra steig í pontu. Hún talaði af sannfæringu og sagði frá því að sín fyrstu skref í löggæsluhlutverki hafi hún stigið í sumarstórfum hjá lögreglunni á Selfossi. Þar kom hún að heimilisofbeldi, þar kom kynferðisofbeldi inn á borð, þessi mál höfðu djúp áhrif á hana. Hún greindi frá þeirri þverpólitísku samstöðu sem að undanförmu hefði myndast um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi. Meðal annars vinnur hún þétt með barna- og félagsmálaráðherra, Ásmundi Einari Daðasyni, að eflingu úrræða sem fyrir eru og stofnun nýrra. Um samhengið á milli stöðu kynjanna í samfélagi okkar og kynbundins ofbeldis talaði dómsmálaráðherra afdráttarlaust. „Jafnrétti kynjanna mun ekki nást á meðan kynbundið ofbeldi líðst,“ sagði hún.

Kynnirinn á opunarhátíðinni, Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri, greindi frá því að fyrsti styrkurinn, 1,5 milljónir króna, sem SIGURHÆÐUM barst kom úr sameiginlegri fjárveitingu dómsmála- og félagsmálaráðuneyta ætluðum verkefnum sem tækju á ofbeldisvanda í kjölfar COVID-19.



Hildur Hálfðanardóttir úr Kópavogsklúbbi, guðmóðir Soroptimistaklúbbs Suðurlands, ásamt dómsmálaráðherra og Hafðísí Karlsdóttur ritara Evrópusambands Soroptimista.



Margrét Harpa Garðarsdóttir minnti á nafnan veruleikann í málu sem tengjast kynbundnu ofbeldi og kvað embætti lögreglustjórans á Suðurlandi óheyrilega þakklátt öllum aðstandendum SIGURHÆÐA.

Stjórnvöld sýndu með því að þau eru meðvitund um að COVID-19 hefur dýpkað þá ofbeldisögn sem er til staðar. Fyrsti styrkurinn er alltaf sá mikilvægasti og ryður frekari styrkveitingum braut, því með honum varð ljóst að stjórnvöld treystu Soroptimistum til að efna þau fyrirheit sem í verkefnislýsingunni fólust. Færði hún dómsmálaráðherra þakkir fyrir þennan mikilvæga styrk.

„Að búa til úrræði þar sem konur á Suðurlandi geta unnið sig frá áhrifum kynbundins ofbeldis er risastórt skref, ég tala nú ekki um þegar úrræðið er á faglegum grunni og starfrækt á okkar heimavelli. Ég vildi svo sannarlega óska að svona úrræði þyrfti ekki að vera til en því miður er það ekki staðan“ sagði Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri í Hveragerði og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og bætti við: „Sigurhæðir – bara nafnið veitir manni von og vissu um það góða starf sem hjá ykkur er að hefjast. Krafturinn og atorkan við að koma Sigurhæðum af stað sýnir hvað í ykkur býr. Fyrir þann kraft erum við Sunnlendingar þakklátir. Við sveitarstjórnarmenn höfum lofað stöðja við ykkur í ykkar mikilvægu vinnu og ég veit og vona að þetta verkefni muni takast vel.“


HVAÐ SEGIR MATTHÍAS?

Systurnar á Suðurlandi vildu frá upphafi tengja nafn verkefnisins við þá sigurtilfinningu sem flestir þolendur kynbundins ofbeldis finna svo glögg þegar þeir vinna sig frá áhrifum kynbundins ofbeldis. Nafnið Sigurhæðir kom strax. En flestir þekkjja Sigurhæðir á Akureyri, hús Matthíasar Jochumssonar prests og sálmaskálds. Hvernig skyldi Matthíasi líka þetta? Og hvað skyldu Akureyringarnir segja?

Vigdís Pálsdóttir, sérlegur sendifulltrúi Akureyringa, færði aðstandendum SIGURHÆÐA kveðju Ásthildar Sturludóttur bæjarstjóra. „Nafnið Sigurhæðir á sér sérstakan stað í hjörtum Akureyringa og viljum við sérstaklega óska ykkur til hamingju með það. Við

erum þess fullviss að því muni fylgja gæfa og blessun,“ las hún upp úr korti frá Ásthildi. Örlæti Akureyringa og blessunaróskir þeirra snertu hjörtu viðstaddra.

Sams konar blessunaróskir fólust í ávarpi Guðrúnar Láru Magnúsdóttur, forseta Soroptimistasambands Íslands. Flutti hún frumsamið ljóð eftir klúbbsystur sína við Húnaflóa, Þorgerði Þóru Hlynsdóttur sem ber heitið SIGURHÆÐIR – Veljum að vaxa. Í þakkarorðum sínum gat kynnr þess að samanlagt nema styrkir Soroptimista tæplega 1,7 milljónum króna sem er afar há upphæð sé haft í huga að klúbbar um allt land sinna mýgrút af þörfum verkefnum, smáum og stórum, fyrir sjálfsaflafé. Hún vissi þá ekki að eftir að dagskrá opunarhátíðarinnar var slitið myndi Hildur Hálfðanardóttir og Guðrún Pálsdóttir úr Soroptimistaklúbbi Kópavogs tilkynna henni að þaðan myndi í annað sinn berast styrkur að upphæð 200 þúsund krónur. Þessum örlætisgerningi til viðbótar kvað Elínborg Sigurðardóttir, formaður Sambands sunnlenskra kvenna, sér hljóðs og tilkynnti um 100 þúsund króna styrk frá kvenfélagskonum á Suðurlandi.



Heiða Ösp Kristjánsdóttir deildarstjóri félagsþjónustunnar í Árborg er sannkallaður örlagavaldur fyrir systur á Suðurlandi, því hvetjandi viðtökur hennar margefldu systurnar að hjartsýni og áreðni.

SKILVIRK FÉLAGSÞJÓNUSTA Á SUÐURLANDI

Sveitarfélögin sunnlensku sem taka virkan þátt í SIGURHÆÐUM hafa með sér samvinnu á sviði félagsþjónustu og skiptast í fjögur félagsþjónustusvæði. Fulltrúar þessara svæða eiga sæti í verkefnisstjórn SIGURHÆÐA. Ein þeirra er Svava Davíðsdóttir, félagsmálastjóri Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. „Fyrsti fundur verkefnisstjórnar var haldinn 2. desember sl. Ekki óraði mig fyrir að þetta myndi ganga svona hratt og örugglega fyrir sig,“ sagði Svava.



Vigdís Pálsdóttir flytur SIGURHÆÐUM kveðju Ásthildar Sturludóttur bæjarstjóra á Akureyri með óskum um að blessun fylgi nafninu sem Akureyringum er svo kært.

„Að fá SIGURHÆDIR í heimabyggð er frábært framtak og nauðsynlegt. Það er mikill kostur að geta komið í Árborg og fengið þjónustu þar. Framsýni Soroptimistakvenna mun veita mörgum þolendum ofbeldis von um betri framtíð.“

Auk Svövu sitja fulltrúar hinna félagsþjónustusvæðanna einnig í verkefnisstjórn en þeir eru Margrét Anna Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi í Árborg, Halla Dröfn Jónsdóttir, félagsráðgjafi í Hveragerði, sem fulltrúi Árneshvíls og fulltrúi Hornafjarðar er Gunnhildur Imsland, formaður velferðarnefndar. Þá eiga teymisstjóri geðteymis Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, Svanhildur Ólafsdóttir, geðhjúkrunarfræðingur, Hafdís Hrud Hafsteinsdóttir, lögfræðingur Kvinnaráðgjafarinnar, og þær Margrét Harpa Garðarsdóttir, staðgengill lögreglustjórans á Suðurlandi, og Sólveig Eyvindsdóttir, lögreglukona, sæti í verkefnisstjórninni. Þennan flokk fylla svo fjórar Soroptimistasystur auk verkefnisstjóra, en þær eru Fanney Björg Karlsdóttir, aðstoðarverkefnisstjóri Sigurhæða, Brynhildur Geirsdóttir, formaður Soroptimistaklúbbs Suðurlands, Jóna Ingvarsdóttir, ritari verkefnisstjórnar, og Ingibjörg Stefánsdóttir, meðstjórnandi.



Brynja Hjálmtýsdóttir, sem situr í stjórn Kvænnaathvarfsins í Reykjavík, ber fundinum hlýja kveðju frá Kvænnaathvarfinu.

LEIÐIN TIL HUGREKKIS – JAFNVEL LÍFSBJÖRG

Í máli Margrétar Hörpu Garðarsdóttur komu fram sláandi tölur um heimilisofbeldi á Suðurlandi. Það sem af er þessu ári hafa komið upp um tvö mál í viku hverri og á tímabilinu frá 1. janúar 2018 fram í mars 2021 voru skráð hjá embætti lögreglustjórans á Suðurlandi 387 mál með skilgreiningarnar heimilisofbeldi og ágreiningur milli skyldra aðila.

„Ofbeldi er að eiga sér stað inni á heimilum,“ sagði Margrét Harpa. „Alla daga vikunnar – ekkert síður á virkum dögum en um helgar. Á öllum tímum sólarhrings. Börnin eru heima – þau eru vakandi – þau heyrja, þau sjá og þau finna til. Þessar raddir þurfa að heyrast og taka verður utan um þessa þolendur ofbeldis með öllum þeim úrræðum sem tiltæk eru. Fyrir þessum börn, mæður þeirra og fjölskyldur geta SIGURHÆDIR verið leiðin til hugrekkis og betra lífs. Jafnvel lífsbjörg.“

Þessi napri sannleikur sem Margrét Harpa minnti viðstadda svo rækilega á var undirstrikaður í áhrifamiklu kynningarmyndbandi sem frumsýnt var á opunarhátíðinni. Teymi ungs kvikmyndagerðarfólks undir stjórn Mariu de Araceli Quintana nálgadist sjálft SIGURHÆDIR með einlægan vilja til að leggja málstaðnum lið.



Hildur Jónsdóttir verkefnisstjóri SIGURHÆÐA var kynnráðgjafi á opunarhátíðinni. Gleðin leynir sér ekki.

HLÝJA FYRIR SIGURHÆDIR

Nú voru aðeins tvö atriði eftir á dagskrá. Í lok janúar á þessu ári kom hönnuðurinn Þórhildur Laufey Sigurðardóttir að máli við Kristínu Scheving, safnstjóra Listasafns Árneseinga, og kynnti hugmynd að fjáröflun fyrir þolendur kynbundins ofbeldis. Kristín hafði heyrt um SIGURHÆDIR og afgreiddu þær málið snarlega. SIGURHÆDIR skyldu njóta þessarar fjáröflunar sem hefur fengið nafnið Hljá fyrir SIGURHÆDIR. Þórhildur og fleiri þrjónakonur hafa þrjónað 52 hyrnur úr afgangsgarni og raðast hyrnurnar í fjóra flokka; sumar, vetur, vor og haust með 13 hyrnur í hverjum flokki. Í hverri hyrnu er perlum skrydd skrautnæla og eru hyrnurnar númeraðar frá einum upp í 52. Þessar hyrnur eru eingöngu til sölu í Listasafninu og rennur andvirði sölnunnar óskipt til SIGURHÆÐA.

Hildur kallaði til sín Heiðu Ösp Kristjánsdóttur, deildarstjóra félagsþjónustunnar í Árborg, einn helsta örlagavaldinn í tilurðarsögu SIGURHÆÐA. Það var viðtökum hennar að þakka að systurnar á Suðurlandi stórefldust að bjartsýni, einbeiti og áræðni strax við fyrstu skref í undirbúningnum að stofnun SIGURHÆÐA. „Með innilegum þökkum fyrir þína ómetanlegu aðstoð færum við Soroptimistasystur þér Hljá fyrir SIGURHÆDIR númer eitt,“ sagði Hildur og salurinn tók undir með dynjandi lófaklappi. Sömu þakkir fær Kristín Scheving safnstýra Listasafnsins sem léði glæst húsakynninn endurgjaldslaust til þessarar opunarhátíðar SIGURHÆÐA, þeim til styrktar.

Stórum áfanga var náð. Í huga fjölmargra gesta, sem flestir ef ekki nær allir höfðu komið að undirbúningi SIGURHÆÐA með marghátuðu framlagi, tókust á tvær andstæðar tilfinningar. Þeir höfðu verið minntir á þá ógn sem af kynbundnu ofbeldi stafar og fleiri líða fyrir en flesta grunar. En þessi opunarhátíð var undir merki vonarinnar. „Við í Sigurhæðum viljum vera boðberar vonar,“ sagði Hildur Jónsdóttir að lokum. „Nú er fullt stím áfram!“

*Hildur Jónsdóttir
verkefnisstjóri SIGURHÆÐA
Soroptimistaklúbbs Suðurlands*



Costa Blanca ganga Hafdísar og Daníels

sem hófst í lok október 2020 og stóð yfir fram í mars 2021

Sumir ganga Jakobsveginn og aðrir ganga eitt fjall á viku. Eða ganga ekki neitt. Okkur hjónakornunum datt í hug að gaman væri að ganga Costa Blanca ströndina hér á Spáni. Við komum hingað til Spánar að hausti og stefndum að því að dvelja hér fram í lok mars og því nauðsynlegt að hafa eitthvað fyrir stafni fyrir utan að læra spænsku og fönðra við ýmislegt.

Costa Blanca, eða Hvíta ströndin, er sögð vera um 200 km á milli Pilar de la Horadada í suðri og Dénía í norðri. Við ákváðum að ganga í áföngum frá suðri til norðurs. Við höguðum göngunni þannig að bílnum væri lagt á upphafsstað, gengum kafla af ströndinni og gengum svo aftur til baka í bílinn, og þá stundum á bakleiðinni aðeins frá ströndinni til að sjá meira af umhverfinu. Þannig að lengst af gengum við tvöfalda vegalengd strandlengjunnar.

Við hófum gönguna 20. október 2020, á móts við rífið La Manga sem er örlítið sunnar en Pilar de la Horadada.

Þann 11. nóvember 2020 náðum við þeim árangri að klára að ganga fjórðung leiðarinnar. Samtals höfðum við þá gengið rúma 102 km. Við náðum þessu í sjö gönguferðum og höfðum þá gengið til norðurs í gegnum Torrevieja og Torre de la Mata og lukum göngunni við smábátahöfnina í Guardamar. Framundan var síðan að ganga frá Guardamar til La Mariana og svo til Santa Pola sem er fallegur strandbær og svo koll af kolli þar til við kæmum til Dénía, endastaðar okkar.

Við gengum mest af leiðinni eftir sandströndinni ef það var mögulegt og að hluta berfætt í flæðarmálinu sem er stórkostlegt. Stundum þurftum við að fara upp fyrir ströndina ef við lentum á klettum eða öðrum ófærum. Á leiðinni hefur margt skemmtilegt borið fyrir augu, meðal annars veiðimenn á ströndinni, hópar að stunda jóga eða bara leikfimi og margt fleira. Ekki vantaði góða veitingastaði á göngu okkar og reyndum við að koma við á einhverjum þeirra í hverri ferð.

Þann 4. desember 2020 gengum við norður fyrir Cabo de la Huerta sem er norðan við Alicante. Leiðin frá Alicante til Cabo de la Huerta er klettaströnd en mjög falleg og hægt að ganga alveg með sjónum. Hver ganga hefur sitt sérkenni og höfum við kallað þessa leið „sprellagönguna“ vegna þess að þarna vorum við sífellt að rekast á karla á sprellanum sem höfðu komið sér fyrir naktir í klettaskorum og höfðu greinilega þörf fyrir að vera brúnir í alla enda. Þennan dag náðum við rúmlega helmingi göngunnar eða samtals 205 km.

Eftir Alicante breytist landslagið úr því að vera að mestu sandstrandir yfir í að verða holt og hæðir með litlum ströndum á stangli. Víða er byggt alveg niður að sjó og húsin jafnvel byggð á bjargbrúnum og því ekki hægt að ganga sjávarmegin eftir strandlengjunni. Oft er niður mjög margar tröppur að fara til að komast niður á þessar litlu fallegu strandir á þessum slóðum. Eitt sinn töldum við 100 þrep.

Leiðin á milli El Campello og Benidorn er einstaklega falleg. Má þar sérstaklega nefna bæinn Villajoyosa sem hefur allt sem fallegur strandbær þarf að hafa og hvetjum við alla sem dvelja á þessum slóðum til að skoða hann. Bærinn býður upp á fallega strandlengju með miklu mannlífi og einstakan gamlan bæjarhluta í næstu húsaröð þar fyrir ofan í suðurhluta bæjarins. Þar fær maður þá tilfinningu að vera kominn 200-300 ár aftur í tímann. Húsin eru mjög gömul, einstaklega falleg og

máluð í öllum regnbogans litum sem fanga augað þegar maður gengur inn í þennan fallega bæjarhluta.

Þegar nær dregur Benidorm breytist landslagið yfir í að vera fjöll sem við gengum yfir. Við tókum eftir því fljótlega eftir að við hófum gönguna að leiðin var vörðuð steiptum vörðum sem virtust vera mjög gamlar. Þessar vörður voru sýnilegar alla leiðina á enda. Yfirleitt voru stígar yfir fjöll og hæðir þokkalega merktir.

Áður en við hófum hverja göngu reyndum við yfirleitt að setja okkur í samband við upplýsingaskrifstofu fyrir ferðamenn, sem má finna í flestum stærri bæjum, til að afla okkur upplýsinga um bestu gönguleiðir. Oft fengum við þau svör að ekki væri hægt að ganga yfir fjöll á milli bæjarfélaga og var okkur bent á að ganga með vegum. Yfirleitt sættum við okkur ekki við þá lausn og gengum af stað og reyndum að finna leiðir. Vandamálið hér er meðal annars að í enda gatna eru yfirleitt ekki göngustígar eins og heima á Íslandi og því þurftum við nokkuð oft að snúa við og reyna næstu götu.

Til að komast á milli Benidorm og samliggjandi bæjanna Albir og Altea þarf að fara yfir 439 metra háan fjallgarð sem er þjóðgarðurinn Sierra Helada og eru göngustígar þar víðast þokkalega vel merktir. Við reyndum að ganga frá Benidorm í norður til Albir og Altea en lentum í ógöngum með að finna leiðina og urðum að lokum að gefast upp. Næst ákváðum við að ganga hina leiðina, það er frá Albir og Altea til Benidorm, eftir að hafa verið í töluverðu sambandi við upplýsingaskrifstofu sem er í fjallshlíðinni við gönguleiðina upp frá Albir. Þar fengum við góðar leiðarlýsingar og var tiltölulega einfalt að finna leiðina þaðan upp á og eftir fjallinu, áleiðis til Benidorm. Við gengum 18,5 km og tókum leigubíl til baka til Albir enda vorum við orðin mjög þreytt eftir þessa löngu og lýjandi dagleið. Þessi leið er mjög falleg og hentar fólki sem er í þokkalega góðu formi og laust við lofthæðslu þar sem víða er gengið eftir bjargbrúnum og á köflum þarf að fara yfir brattar hlíðar.

Svipaða sögu má segja um leiðina frá Altea til Calpe, þar sem nánast er ómögulegt að komast gangandi vegna skorts á gönguleiðum.

Við ákváðum að ganga frá Dénia suður til Xàbia og reyndist það vera rétt ákvörðun þar sem leiðin þar á milli, í þá átt, var þokkalega merkt. Þessi leið er yfir fjall sem kallast Parc Natural del Montgó. Þegar við vorum komin yfir fjallið þurftum við að ganga milli bæjarfélaganna eftir þröngum bílvegi, þar sem ekki var gert ráð fyrir gangandi vegfarendum og varasamt að ganga vegna þrængsla.

Yfirleitt gengum við frá bílnum og til baka í bílinn. En þegar við fórum yfir erfiða og seinfarna fjallgarða þá reyndum við að ganga úr skugga um að við gætum tekið leigubíl til baka í bílinn. Þannig gátum við gengið lengra í hverri ferð, til dæmis allt að 20 km.



Eftir því sem norðar var komið í gönguáföngunum urðu akstursleiðirnar okkar að heiman og heim í Benijófar lengri og lengri og því ákveðin freisting að reyna að ná að ganga sem lengst eftir strandlengjunni í hvert skipti.

Eftir að hafa gengið alla Costa Blanca strandlengjuna getum við sagt að ferðin reyndist að sumu leyti önnur en við höfðum gert okkur í hugarlund fyrirfram. Við töldum leiðina vera greiðfærari en kom á daginn. Við töldum okkur geta gengið leiðina að mestu eftir strönd eins og nafn leiðarinnar bendir til. Það kom hins vegar á daginn að fyrir norðan Alicante fór leiðin að verða torsóttari og sérstaklega norðan við Benidorm var hún víða erfið.

Leiðin frá Altea til Calpe er mjög erfið og frá Calpe til Xàbia lentum við í ógöngum þar sem við týndum stígunum og lentum í því að klöngrast niður snarbratta fjallshlíð með því að halda okkur í tré og runna og jafnvel þyrnirunna á leiðinni niður hlíðina. Þetta var aðeins glæfalegt meðan á því stóð og komum við talsvert blóðríska heim það kvöldið, eftir óþægilegar snertingar við gróðurinn.

Seinni helmingur leiðarinnar er hins vegar einstaklega fallegur og alveg þess virði að ganga þann hluta. Það sama má segja um alla þá fallegu litlu bæi sem við sáum á leið okkar um svæðið.

Allt í allt gengum við 429,8 km. í samtals 28 gönguferðum. Við reyndum að ganga tvisvar í viku en létum veður ráða hvort við gengum eða ekki. Við gengum síðustu gönguna 16. mars 2021.

Við reyndum yfirleitt að finna okkur skemmtilegan veitingastað á miðri leið til að slaka á og fá okkur hressingu. Á tímabili var veitingastöðum lokað vegna COVID-19 veirufaraldursins og brugðum við þá á það ráð að útbúa okkur nestispakka.

Við mælum með því að þeir sem leggja land undir fót séu með til dæmis Strava eða sambærilegt gönguforrit í símanum til að mæla vegalengd, göngutíma og hæðarbreytingu og eiga leiðina skráða. Hentugir og góðir gönguskór eru grundvallaratriði. Og ekki má gleyma að vera með góðan bakpoka fyrir aukafatnað, vatn og nesti. Þessi ganga hefur verið ógleymanlega skemmtileg og kennt okkur mikið um Spán og jafnframt verið okkur mjög lærdómsrík ferð til að kynna þessu nánasta umhverfi okkar betur.

Við þökkum þeim sem hafa fylgst með göngunni og hvatt okkur áfram og vonum að þessar línur geti nýst einhverjum sem hafa gaman af að ganga um ótroðnar slóðir.

Bestu kveðjur, Hafdís og Daníel.

*Hafdís Sverrisdóttir
Soroptimistaklúbbi Grafarvogs*

MENTOR

verkefni Soroptimista

SIE hefur unnið að Mentor verkefninu síðan 2017 og stutt vel við landsambönd Soroptimista. Verkefnahópur SIE hefur hvatt þau til að hefja mentorverkefni í löndum sínum. Handbók, sem þær hafa unnið og eru sífelld að endurbæta, er á innri vef SIE. Núverandi verkefnahópur hefur haldið úti fræðslu í formi opinna veffunda og fundað með tengiliðum landanna og þannig stuðlað að framgangi verkefnisins. Hópurinn kemur frá Finnlandi, Luxemborg, Rúmeníu, Þýskalandi, Frakklandi, Svíþjóð, Ítalíu og Sviss. Hvatt er til þess að hvert land finni sína fjöl og er afar áhugavert hve ólíkt löndin nálgast verkefnið.

Við hér á landi erum að komast á skrið og eru fleiri og fleiri klúbbar að koma með tengilið inn í verkefnið. Allar áhugasamar systur eru velkomnar í hópinn. Munum við funda einu sinni í mánuði fram á vor. Klúbbsystur eru hvattar til að finna hvernig þær vilja nálgast verkefnið og aðlaga að þeim verkefnum sem þær eru þegar með, ef það hentar.

En til hvers?

Með Mentor verkefninu gerum við konum kleift að bæta líf sitt.

Er það ekki einmitt kjarninn í markmiðum Soroptimista?

Eitt af markmiðum Soroptimista er að mennta og styrkja konur og stúlkur. Með því að gerast mentor tekur þú að þér að aðstoða stúlku eða konu að finna leiðir til að bæta líf sitt. Þú gerir samkomulag við hana um að þið hittist nokkrum sinnum yfir ákveðið tímabil, eigið samtal og fetið saman skrefin inn í framtíðina. Sem mentor nýtir þú þína reynslu og færni til að hlusta og veita styrk. Við búum allar yfir ákveðinni þekkingu og reynslu, sem við getum miðlað.

Um leið styrkjum við okkur sjálfar og eflum samtök okkar. Með Mentor verkefninu leggja Soroptimistar sitt af mörkum til nærsamfélagsins en einnig alþjóðasamfélagsins, því mentoring er áhrifarík og gefandi leið til að miðla þekkingu, færni og gildum soroptimista.

Ingibjörg Jónasdóttir
tengiliður Mentor verkefnis SÍÍ
Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja



FRAMBOÐ TIL EMBÆTTIS EÐA NEFNDAR SOROPTIMISTASAMBANDS ÍSLANDS

Landssambandsfundur

24. APRÍL 2021

Kjörtímabilið 2022-2024
Soroptimistaklúbbur
Reykjavíkur býður fram til
embættis Forseta SIÍ 2022-
2024



Nafn frambjóðanda:
Sigrún Þorgeirsdóttir

Starfsheiti: málfræðingur
Starfar sem ritstjóri hjá
utanríkisráðuneytinu

Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2014 í
Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

Embætti sem frambjóðandi hefur
gegn innan klúbbs:
formaður, varaformaður,
meðstjórnandi, starfsgreinanefnd
og fjárflyunarnefnd
(Góðgerðarnefnd)

Kjörtímabilið 2021-2023
Soroptimistaklúbbur Árbæjar
býður fram til embættis
Varaforseta SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Kristjana G. Jónsdóttir

Starfsheiti: líffræðingur
Starfar sem kennari

Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 1994 í
Soroptimistaklúbbi Árbæjar

Embætti sem frambjóðandi hefur
gegn innan klúbbs:
formaður, varaformaður, ritari,
meðstjórnandi, verkefnastjóri,
ýmis nefndastörf

Störf/embætti sem frambjóðandi
hefur gegnt fyrir SIÍ:
ritstjóri Fregna 2018-2020

Soroptimistaklúbbur
Akureyrar býður fram til
embættis Sendifulltrúa SIÍ
2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir

Starfsheiti: framhaldsskólakennari
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 1997 í
Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Embætti sem frambjóðandi hefur
gegn innan klúbbs:
formaður, varaformaður, gjaldkeri,
ritari, meðstjórnandi, fulltrúi,
verkefnastjóri, skoðunarmaður,
starfsgreinanefnd, kærleiksnefnd

Störf/embætti sem frambjóðandi
hefur gegnt fyrir SIÍ:
varasendifulltrúi x2,
starfsgreinanefnd, annar
varaforseti, ritstjóri Fregna og
sjóðanefnd x2

Soroptimistaklúbbur Hóla og
Fella býður fram til starfa í
Fjárhagsnefnd SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Kristín Hermannsdóttir

Starfsheiti: veðurfræðingur
Starfar sem forstöðumaður
Náttúrustofu Suðausturlands

Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2009 í
Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella

Embætti sem frambjóðandi hefur
gegn innan klúbbs:
ritari 2011-2013

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness býður fram til embættis Varasendifulltrúa SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Sigrún Edda Jónsdóttir

Starfsheiti: fjármálastjóri

Ferilskrá innan SÍÍ

Soroptimisti frá árinu 2004 í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: formaður 2013-2015, varaformaður 2011-2013, fulltrúi 2017-2019, varafulltrúi 2015-2017, starfsgreinanefnd 2015-2021, fjáröflunarnefnd 2016-2018, skemmtinefnd 2007-2009

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til embættis Aðstoðarverkefnastjóra SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Anna Hugufrún Jónsdóttir

Starfsheiti: viðskiptafræðingur
Starfar sem verkefnastjóri hjá Tryggingastofnun

Ferilskrá innan SÍÍ
Soroptimisti frá árinu 1995 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: formaður, ritari, fjáröflunarnefnd
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SÍÍ: aðstoðarverkefnastjóri (endurkjör)

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness býður fram til starfa í Laga- og reglugerðanefnd SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Guðrún W. Jensdóttir

Starfsheiti: lögfræðingur

Ferilskrá innan SÍÍ

Soroptimisti frá árinu 2011 í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: meðstjórnandi frá 2017-2021

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur býður fram til starfa í Útbreiðslunefnd SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Ásgerður Kjartansdóttir

Starfsheiti: Bókasafns- og upplýsingafræðingur
Starfar sem skjalastjóri hjá Landsneti

Ferilskrá innan SÍÍ
Soroptimisti frá árinu 1998 í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: formaður, fulltrúi, ritari, meðstjórnandi, verkefnastjóri
Nefndastörf: fjáröflunarnefnd (Góðgerðarnefnd), starfsgreinanefnd, vinaklúbbatengill, í stjórn Styrktarsjóðs Soroptimistaklúbbs Reykjavíkur

Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SÍÍ: forseti, sendifulltrúi, varasendifulltrúi, verkefnastjóri
Nefndastörf: laga- og reglugerðanefnd, starfsgreinanefnd, gerðardómur

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness býður fram til embættis Upplýsingafultrúa SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Ingibjörg Halldóra Halldórsdóttir

Starfsheiti: líffræðingur og upplýsingafræðingur
Starfar við gagnasófnun hjá Hagstofu Íslands

Ferilskrá innan SÍÍ
Soroptimisti frá árinu 1997 í Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: ritari, meðstjórnandi, skemmtinefnd, nettengill frá 2017 (sér um vef- og facebook-síðu klúbbsins)

Soroptimistaklúbbur Austurlands býður fram til umsjónarmanns Nafnalista SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Arna S.D. Christiansen

Starfsheiti: þjónustufulltrúi

Ferilskrá innan SÍÍ
Soroptimisti frá árinu 2003 í Soroptimistaklúbbi Austurlands

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: gjaldkeri, meðstjórnandi, fulltrúi
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SÍÍ: útbreiðslunefnd

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til starfa í Laga- og reglugerðanefnd SÍÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:

Þóra Guðnadóttir

Starfsheiti: skólaritari

Starfar í Tónskóla Eddu Borg

Ferilskrá innan SÍÍ
Soroptimisti frá árinu 2001 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs

Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: gjaldkeri, ritari, formaður

Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SÍÍ: forseti SÍÍ 2014-2016, varasendifulltrúi, sendifulltrúi

Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar býður fram til starfa í Útbreiðslunefnd SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Sigrún Birgisdóttir

Starfsheiti: aðstoðarmaður tannlæknis
Starfar sem verslunarstjóri
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2011 í Soroptimistaklúbbi Mosfellssveitar
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: fulltrúi, meðstjórnandi og í sýstrapelsnefnd

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja býður fram til starfa í Fjárhagsnefnd SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Inga Rún Ólafsdóttir

Starfsheiti: sviðsstjóri (kjaramál)
Starfar sem sviðsstjóri kjarasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2013 í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja frá árinu 2013
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: ritari frá árinu 2018 til 2021
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: skoðunarmaður reikninga

Soroptimistaklúbbur Akraness býður fram til embættis Skoðunarmanns SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Jónína Rósa Halldórsdóttir

Starfsheiti: bókar
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2013 í Soroptimistaklúbbi Akraness
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: fjáröflunarnefnd, skoðunarmaður, gjaldkeri

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til setu í Gerðardómi SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Þóra Guðnadóttir

Starfsheiti: skólaritari
Starfar í Tónskóla Eddu Borg
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2001 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: gjaldkeri, ritari, formaður
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: forseti SIÍ 2014-2016, varasendifulltrúi, sendifulltrúi

Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella býður fram til embættis Varasendifulltrúa SIÍ 2021-2022 (eitt ár)



Nafn frambjóðanda:
Alma Guðmundsdóttir

Starfsheiti: fjármálastjóri
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2009 í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: formaður, ritari, meðstjórnandi, verkefnastjóri, fjáröflunarnefnd, starfsgreinanefnd, skemmtinefnd o.fl.
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: gjaldkeri, fjárhagsnefnd, fyrsti varaforseti

Soroptimistaklúbbur Akureyrar býður fram til starfa í Sjóðanefnd SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Laufey Guðrún Baldursdóttir

Starfsheiti: geislafræðingur
Starfar sem tækniteknari
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 1986 í Soroptimistaklúbbi Akureyrar
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: fulltrúi, formaður, varaformaður og nefndastörf
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: gerðardómur, umsjón með nafnalista, starfsgreinanefnd, framboðsnefnd, forseti SIÍ, sendifulltrúi og verkefnastjóri heilbrigðismála

Soroptimistaklúbbur Kópavogs býður fram til umsjónar húsnæðis SIÍ í Hamraborg 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Þóra Guðnadóttir

Starfsheiti: skólaritari
Starfar í Tónskóla Eddu Borg
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2001 í Soroptimistaklúbbi Kópavogs
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: gjaldkeri, ritari, formaður
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: forseti SIÍ 2014-2016, varasendifulltrúi, sendifulltrúi

Soroptimistaklúbbur Bakka og Selja býður fram til setu í Gerðardómi SIÍ 2021-2023



Nafn frambjóðanda:
Ingibjörg Jónasdóttir

Starfsheiti: fræðslustjóri
Starfaði síðast hjá Búnaðarbanka Íslands og Kaupþingi
Ferilskrá innan SIÍ
Soroptimisti frá árinu 2009 í Soroptimistaklúbbi Bakka og Selja
Embætti sem frambjóðandi hefur gegnt innan klúbbs: formaður, ritari, fjáröflunarnefnd og nettengill
Störf/embætti sem frambjóðandi hefur gegnt fyrir SIÍ: sjóðanefnd, forseti 2018-2020

SPURNING DAGSINS

**Hvernig var síðasta ár
hjá þér elsku systir?**

**Hvernig leið þér og hverju
breytti COVID-ástandið í
heiminum hjá þér?**

*Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir
tók saman*



Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir

Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Hjá mér var árið 2020 viðburðarríkt. Þegar skólanir lokuðu fyrir ári og allt fluttist í fjarkennslu tók við nokkuð öðruvísi vinna. Þótt ég væri von að vera fyrir framan tölvuna að vinna og von að kenna í fjarkennslu í fullorðinsfræðslu þá var mikil breyting að vera mest allan daginn fyrir framan skjáinn. Kennslan gekk vel og nemendur voru býsna duglegir að mæta í fjarkennslustundir og vinna. Þrátt fyrir það fór mun meiri tími en áður í að leita þá uppi, hafa samband við þá og fylgja náminu þeirra eftir, þá þurfti maður að nota allar mögulegar samskiptaleiðir. Ekki vildi ég að þeir dyttu út úr náminu.

Sumarið var gott en eitt skipti þegar ég var að ferðast suður á Akranes með fullorðinni móður minni og kærastanum hennar kom í útvarpsfréttunum, þegar við vorum í Borgarnesi, að það hefði komið upp hópsmit á Akranesi. Þá voru góð ráð dýr en við ákváðum að tjalda í garðinum hjá systur minni og keyra í skoðunarferðir út frá heimili hennar og stoppa á sem fæstum stöðum. Það gekk allt vel.

Ég var svo lánsöm að fá námsleyfi frá 1. ágúst 2020 til 1. ágúst 2021, þannig að ég hef ekkert verið að kenna heldur verið námsmaður. Það er afar skemmtilegt að vera hinum megin við borðið og lesa og læra, skila verkefnum og taka próf. Ég er búin að læra svo margt og njóta þess. Ég sótti fjarnámskeið í hugrænni atferlismeðferð og fjármálalæsi við Háskólann á Akureyri. Ég sótti nám til Reykjavíkur í Dáleiðsluskóla Íslands og útskrifaðist þaðan sem klínískur dáleiðari og fór einnig til Reykjavíkur í Sáttamiðlaraskólann og útskrifaðist þaðan sem sáttamiðlari, allt á einu skólaári sem er algerlega frábært.

Enginn úr fjölskyldunni eða vinahópnum mínum hefur veikst alvarlega af COVID-19 og ég þakka fyrir það. Sprenging í Zoom fundum á öllum vígstöðvum er staðreynd og ég er glöð og þakklát fyrir að slíkt skuli vera hægt. Þegar ég var stelpa var ekki einu sinni til sjónvarp, síminn var uppi á vegg og allir bæir á okkar sveitalínu gátu fylgst með símtölum. Hringingin var löng-löng-stutt-stutt-löng.

Þetta mjakast í bólusetningunum og vonandi gengur það allt vel. Ég býð róleg eftir að röðin komi að mér og hugsa um það á hverjum degi hvað ég sé lánsöm fyrir margt, til dæmis að hafa fæðst á Íslandi, fyrir að eiga góða fjölskyldu og vini, fyrir að eiga allar systur mínar í klúbbnum og samtökunum sem ég veit að ég get alltaf leitað til og margt margt fleira. Ég er viss um að sumarið verður gott og vona ég að sem allra flestir geti notið þess.



Hólmfríður Andersdóttir

Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Síðasta ár hófst skrautlega þar sem við hjónin vorum á leið í okkar aðra sólarlandferð á æfinni (hin fyrri var 1987), áttum bókað 24 febrúar.

Þann 10. febr. sprakk í mér botnlanginn með tilheyrandi eitrun og dóti og þann 20. febr. var gallblaðran tekin úr Úlfari. En út fórum við og skemmtum okkur vel og komum heim með síðustu vél fyrir lokun.

Eftir það höfðum við það rólegt eins og aðrir. Gengum mikið og lásum gríðarlega mikið og leið á allan hátt vel.

Sem betur fer veiktist aðeins einn af okkar nánustu illa. Margir tala um að þetta sé leiðinlegt ástand en ég hef aldrei fundið fyrir því. Ef maður er með nóg að lesa er aldrei leiðinlegt. Ég vona af heilum hug að mannfólkið hafi eitthvað lært af þessu öllu saman. Að fólk hætti að fljúga milli landshluta og til útlanda til þess að fara á örstutta fundi og að loftgæðin haldi áfram að batna svo að það verði framtíð fyrir barnabarnabörnin okkar.



Kristjana Baldursdóttir

Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Fyrir mig var síðasta ár krefjandi en ég get þó ekki kvartað miðað við marga aðra. Það sem var jákvætt var að ég og nánustu fjölskyldumeðlimir sluppum við smit og atvinnumissi. Þar sem ég starfa að hluta í fjarvinnu frá Reykjavík gaf þetta ástand mér tækifæri til að taka þátt í fleiri vinnutengdum atburðum en annars hefði verið. Þetta ástand gaf líka tækifæri til að hugsa um hvað gefur lífinu gildi og hvað er mikilvægast og niðurstaðan er að það er samvera með fjölskyldu og vinum.

Það sem var erfitt var að horfa upp á hvað þetta ástand hafði mikil áhrif á líf ungs fólks og aldraðra. Foreldrar mínir og tengdforeldrar voru mikið til einangraðir um tíma. Ég á stúlku á lokaári í menntaskóla og hún hefur misst af flestu því skemmtilega sem fylgir því ári. Ég á líka unga dómu sem er í háskóla erlendis og það hefur verið krefjandi. Ég hef séð minna af henni og mér finnst erfitt að upplifa hvað hún hefur þurft að vera mikið innilokuð.

Vonandi sjáum við öll fram á betri tíma með vorinu og áframhaldandi bólusetningum.

Ragnheiður Björk Þórsdóttir

Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Árið 2020 var að mörgu leyti skrítið ár í öllum skilningi þess orðs. Þegar í ljós kom í mars að Corona-vírusinn væri kominn á fullt hér á landi þá vann ég frá heimili mínu í stað þess að vera á vinnustaðnum mínum. Það var að mörgu leyti mjög skynsamlegt og ég náði að afkasta mun meiru þannig. Það hentaði mér fullkomlega að vera ein heima að vinna og ég náði að ljúka verkefninu sem ég var í um þremur mánuðum fyrr en lög gerðu ráð fyrir. Þar sem ég er í áhættuhópi fór ég ekki í búð eða út á meðal fólks í rúmar 8 vikur sem var mjög skrítið en vandist fljótt. Ég gat farið í göngutúra og fallorðnu börnin mín komu bæði heim á þessu tímabili, enda skólar lokaðir og þau í fjarnámi.

Það var mjög jákvætt að hafa þau hjá mér þennan tíma og í raun voru þessir mánuðir frá mars og fram í maí 2020 mjög rólegir, friðsælir og góðir á mínu heimili. Við vorum öll að sinna okkar verkefnum, en við vorum saman og gátum eldað, bakað, talað og verið saman sem mér fannst mjög gefandi og fallegt. Dóttir mín og sonur fóru til skiptis í búð fyrir okkur og aldraða móður mína, en það var einna erfiðast að geta ekki farið í heimsókn til hennar, en við töluðum saman daglega í síma eða á Messenger.

Allir lærðu mjög mikið af þessu og við tileinkuðum okkur nýja tækni og samskiptaform sem mun nýtast okkur áfram þótt faraldurinn taki enda. Ýmis jákvæð umhverfisáhrif urðu líka á síðasta ári, þar sem ferðalög voru í lágmarki og flug í heiminum lagðist nánast af sem hafði góð áhrif á loftþjúp jarðar og umhverfið.

Ég vona að faraldurinn hafi kennt okkur mannkyninu að hægja aðeins á okkur, hugsa um sjálfbærni og umhverfismál á nýjan hátt og njóta litlu hversdagslegu hlutanna sem eru í okkar daglega lífi í stað þess að þeysast út um borg og bý í leit að einhverri óskilgreindri og óþektri hamingju.

Í nóvember 2020 tók ég við formennsku í Soroptimistaklúbbi Akureyrar við mjög óvenjulegar og skrítnar aðstæður þar sem gamla og nýja stjórnin var saman í Kjarna, húsi Náttúrulækningafélags Akureyrar, en aðrar systur á Zoom, og segja má að ég hafi stokkið beint út í djúpu laugina án þess að vita alveg hvað mér bar að gera sem formaður. Síðan höfum við haldið fjóra Zoom fundi og einn fund í raunheimum, en við hittumst í fyrsta sinn þann 16. mars sl., og hafa þeir gengið ótrúlega vel, mæting verið afar góð og við átt nærandi „samveru“. Við höfum lært að tileinka okkur nýja tækni og alls konar fjarfundabúnað. Allt hefur þetta gengið upp og zoom fundirnir eru mun skilvirkari og markvissari, en auðvitað vantar þennan mannlega vinkil að hittast, spjalla og vera saman.





Börður Guðmundsson frá Sögufélagi Kópavogs afhendir Erlu Alexandersdóttur varaformanni eintök af bókinni

Sunnuhlíðarsamtökin

Sunnuhlíð, ævintýri fólks og félaga í Kópavogi 1979–1999, heitir bók sem Sögufélag Kópavogs hefur gefið út. Í bókinni rekur Ásgeir Jóhannesson sögu Sunnuhlíðarsamtakanna þau 20 ár sem hann var formaður þeirra.

Eftir að Soroptimistaklúbbur Kópavogs var stofnaður 1975 kynntu stofnfélagar sér ýmis mál í Kópavogi sem betur mættu fara og klúbburinn gæti unnið að. Fljótlega kom í ljós að neyðarástand ríkti í öldrunarmálum og áttu aldraðir og sjúkir í vök að verjast. Ekkert sjúkrahús var í bænum og var miklum erfiðleikum bundið að koma öldruðum sjúklingi inn á sjúkrahús í Reykjavík. Í samráði við félagsmálastjórnann í Kópavogi var ákveðið að koma upp vísu að hjúkrunarheimili, sem var svo starfrækt í Kópavogi sumarið 1977 til að létta undir fjölskyldum þeirra er þurftu hjúkrunarrými en fengu ekki. Húsnæði fékkst endurgjaldslaust og sáu bæjarhjúkrunarkonurnar, sem báðar voru í klúbbnum, ásamt stúlkum úr heimilishjálpinni um þjónustu. Soroptimistaklúbburinn lagði fram fé til rekstursins og sá um að greiða allan fæðiskostnað. Þarna sannfærðust klúbbsystur um þörfina og fæddist hugmynd um samvinnu hinna ýmsu félaga í Kópavogi. Haft var samband við öll félagasamtök í Kópavogi og var það svo árið 1979 sem níu félög Kópavogsbúa bundust samtökum um að byggja í bænum hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Til að fjámgagna bygginguna hrundu þau af stað söfnun í Kópavogi og lögðu flest heimili bæjarins sitt af mörkum. Þjóðin öll fylgdist með söfnuninni og fjölmargir velunnarar og félagasamtök studdu hana með áheitum og gjöfum.

Þessi samstaða svo margra félaga að slíku verkefni var einstök hér á landi og jafnvel á heimsvísu. Þann 20. maí 1982 var síðan 38-rúma hjúkrunarheimili aldraðra í Kópavogi vígt og gefið nafnið Sunnuhlíð. Það var fyrsta sérhannaða hjúkrunarheimilið fyrir aldraða á Íslandi. Þegar hjúkrunarheimilið var tekið til starfa ákváðu Sunnuhlíðarsamtökin að reisa stórhýsi með þjónustuíbúðum fyrir aldraða og mörkuðu tímamót hvað varðaði fjármögnun og rekstur slíkra bygginga.

Hildur Hálfðanardóttir, stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Kópavogs, var fengin til að taka að sér að vera framkvæmdastjóri hjúkrunarheimilisins, og tók hún sér ársleyfi frá starfi sínu sem skrifstofustjóri hjá Sýslumanninum í Kópavogi til að leiða heimilið í gegnum fyrsta árið. Soroptimistaklúbbur Kópavogs hefur ávallt stutt vel við bakið á Sunnuhlíð, en heimilið hefur frá upphafi verið eitt helsta verkefni klúbbsins.

Ásgeir Jóhannesson rifjar upp í bókinni þetta einstaka félagslega ævintýri sem enn má margt af læra.

Í bókinni getur að líta fjölda ljósmynda frá tímabilinu sem fjallað er um og má þar þekka fjölda Kópavogsbúa á öllum aldri. Bókin er til sölu hjá Soroptimistaklúbbi Kópavogs og kostar kr. 5.000

Kveðja frá Kópavogsklúbbi

Signý Þórðardóttir

formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs

Skriplað á skötunni:

Ad skrifa sin eigin hugrökku sögulok

*Tíni endurlits
leið tár laukskurðarkonu
sigur hugrekkju.*

*Andans gosblíða
Óttast umbreytingahrinu.
Fiðrildið flýgur*

-skg 2021



Fimm ár eru liðin frá því að ég tók áskorun og þáði stöðu formanns í Soroptimistaklúbbi Akraness, eftir að hafa verið tvö ár í klúbbum. Það var lærdómsríkt og ég hafði heilindi og hugrekki að leiðarljósi í starfinu. Stundum fór ég mikinn og datt í ýmsar gildirur, svo sem að deila ekki verkefnum, heldur halda sjálf um alla þræði og hrasa um fullkonnunaráráttuna. Þannig var ég stundum óafvitandi að svipta aðrar systur reynslu og ábyrgð og þessi framganga varð ávisun á hraða úttekt af orkureikningnum og stofnaði ég jafnvel til yfirdráttar. Ég hrasaði um það sem einkennir okkur margar, sumsé að finnast ég eiga að kunna allt upp á 10 án þess að gefa mér leyfi til læra það fyrst og æfa mig. „Do it all do it perfectly. Don't let anyone see you sweat“ eins og segir í amerískri svitaspreysauglýsingu.

Ég brotlenti skútunni minni 2018. Það var ekki starfið fyrir Soroptimistahreyfinguna, bestu systur, sem reið baggamuninn. Það var frekar sú staðreynd að ég hafði verið sterk of lengi og burðast ein með skömmina, skömm sem óx og dafnaði í skjóli leyndar, þöggunar og dóma í eigin garð. Þar sem ég sat á haustfundi Soroptimista og rætt var um ofbeldi gegn konum rann upp fyrir mér að Soroptimistagildi mín, um heilindi og hugrekki, voru ekki sönn ef ég hefði ekki hugrekki til að skila eigin skömm yfir því að búa við andlegt ofbeldi. Með í för þarna á fundinum var klúbbsystir, sem jafnframt var „stóra systir“ mín og ég treysti fyrir þessari skömm. Við þessa kvikulosun var næsta skref auðveldara og hýðið utan af lífslauknum mínum pillaðist af lag fyrir lag og þrengdi minna og minna að mínum sanna kjarna. Ég lærði að það var farsælast að stökkva; halla mér fram með vindinn í fangið og deila berskjölduð sögunni með þeim sem höfðu áunnið sér rétt til að heyra hana og gátu borið með mér þunga tíðindanna: Konum á hálsfestinni minni sem voru traustsins verðar.

Á leiksviði lífsins hef ég verið iðin við að bæta við mig bjargráðum og færast ýmislegt í fang af hugrekki en stundum af fifldirfsku og án þess að hjartað hafi verið með í för. Ég hef staðið á sviðinu og verið ofurmeðvituð um hávær köll eigin gagnrýni og annarra. Ég hef dottið í pytti skammar, samanburðar og dómhörku. Nú stend ég á sama sviði en hef raðað samkennd í eigin garð og velvild í stúkusetin. Þessari sviðsmynd kynntist ég á námskeiði í hugrekkiþjálfun, Rising Strong,

hjá Ragnhildi Vigfúsdóttur markþjálfara sem hefur réttindi til að kenna fræði Dr. Brene Brown. Hún er félagráðgjafi og rannsóknarprófessor við Houston háskóla í Texas og höfundur fjölmargra metsölubóka og eftirsóttur fyrirlesari um skömm og berskjöldun. Bækur hennar eru meðal annars The Gifts of Imperfection, Daring Greatly, Rising Strong, Braving the Wilderness og Dare to Lead.

Í kjölfar hugrekkis til að segja skilið við eittrað samband örmagnaðist ég. Við tók tímabil sveiflu frá örlæti niður í svartasta þunglyndi í ársbyrjun 2019, eðlileg viðbrögð við óeðlilegu ástandi. Ómetanlegur styrkur frá vinkonum, systur og fjölskyldu og sú staðreynd að ég náði að sleppa takinu af eigin ofstjórn og hroka ýtti svo undir viðreisn og bataferli. Ég hafði meðal annars leitað aðstoðar hjá Heimilisfriði, sem er úrræði sem sniðið er að gerendum ofbeldis og reyndist mér vel. Ég flutti búferlum og í ársbyrjun 2020 skipti ég einnig um starf. Svo kom Kóvið og ég fékk ekki fastráðningu, sem var mikil höfnun en ég beit í skjaldarrendur og réð mig í aðra vinnu þá um sumarið. Enn á ný tók Kóvið-bylgja af mér ráðin og streitan bar mig ofurliði um miðjan nóvember. Appelsínugul flögg fyrri örmögnunar dönsuðu fyrir augum mér og ég fór í veikindaleyfi. Aftur fékk ég ekki fastráðningu og nú þáði ég gjöf samfélagsins og leitaði á náðir VIRK starfsendurhæfingarsjóðs og viðurkenndi fyrir sjálfri mér að það þyrfti lengri tíma til að endurræsa og breyta tengingum í kerfinu mínu sem var of lengi keyrt á lánsorku og óhreinu eldsneyti. Til að geta átt von um farsæla för fram á veginn varð ég að rýna í lífsgönguna, finna sátt í eigin skinni, læra af reynslunni, fyrirgefa og skrifa mína eigin hugrökku lokakafli í lífsögu minni.

Nú æfi ég skammarseiglu, þ.e. að gangast við því þegar ég sé glitta í gráan haus skammarinnar og koma mér í gegnum þá tilfinningu af heilindum og hugrekki; æfi mig í að vera góð í að vera ég sjálf og sönn. Að rísa áráðin aftur á fætur gerist í fjórum lykilskefum: Að þekkja skammarkveikjurnar sem valda hrösun, athuga hvort sú tilfinning sem brýst fram standist skoðun, deila berskjölduð skömminni með þeim sem hafa áunnið sér traust til þess og segja sögu mína sem ég geri hér með! Krossgötur eru framundan, fullar af tækifærum, áskorunum og ævintýrum, er ég flyt á Hornafjörð þann 1. apríl næstkomandi. Ég hef flutt mig yfir til Austurlandssýstra og meðal annars á stefnuskránni minni er að kanna grundvöll fyrir því að stofna Soroptimistaklúbb á Suðausturhorninu.

Sigríður Kristín Gísladóttir
Soroptimistaklúbbi Austurlands



Heimsókn í verksmiðju Te & Kaffi

Systur í Árbæjarklúbbi fóru í áhugaverða heimsókn í verksmiðju Te & Kaffi við Stapahraun nýlega. Það er skemmtilegt að tengja það saman að heimsóknin var 8. mars á alþjóðlegum baráttudegi kvenna en aðaleigendur Te & Kaffi eru 3 konur, mæðgurnar Berglind Guðbrandsdóttir, Kristín María Dýrfjörð og Sunna Rós Dýrfjörð.

Fyrirtækið var stofnað fyrir 37 árum af hjónunum Berglinni og Sigmundi Dýrfjörð, hann féll frá árið 2017 en mæðgurnar vinna allar í fyrirtækinu í dag. Mikil breyting hefur orðið á rekstrinum á þessum árum síðan þau hófu rekstur í lítilli búð á Barónstígnum. Í dag vinna tæplega 100 manns hjá fyrirtækinu en voru um 250 manns þegar mest var.

Fyrirtækið hefur lagt mikla áherslu á sjálfbærni og að minnka kolefnisspor þess undanfarin ár, meðal annars með því að pakka kaffinu í lífrænar umbúðir sem eru búnar til úr sterkju.

Metanristað kaffi og vistvænar umbúðir

Te & Kaffi hefur unnið að margvíslegum umhverfisvænum breytingum undanfarið og munu gera í meira mæli á næstunni. Sjálfbærni er höfð að leiðarljósi í allri stefnumótun fyrirtækisins og skrefin mörg í áttina að fullkomnu jafnvægi samfélagslegra gilda, sjálfbærs efnahags og umhverfis.

Vinnan í átt að sjálfbærum rekstri hefst með viðhorfsbreytingu hjá stjórnendum og eigendum fyrirtækja. Fyrst og fremst þarf að þekkja kolefnisspor fyrirtækisins svo hægt sé að vinna að mótvægisáðgerðum. Frá árinu 2017 hefur Te & Kaffi látið útbúa svokallað loftlagsbókhald fyrir sig og um leið leitað leiða til þess að minnka losun gróðurhúsalofttegunda. Nú er allt kaffi frá Te & Kaffi á matvörumarkaði í niðurbrotanlegum umbúðum, hvort sem það eru baunir, malað kaffi, kaffipúðar eða kaffihylki. Á næstu vikum verður kaffibrennsla Te & Kaffi í Hafnarfirði keyrð áfram á metangasi, sem er umhverfisvænn orkugjafi framleiddur úr lífrænum úrgangi. Þar sem umbúðir Te & Kaffi mega flokkast með lífrænu eru þau hægt og rólega að færa sig yfir í hringrásarhagkerfi í stað línulegrar framleiðslu. Með þessari áðgerð núllast út nánast öll bein kolefnislosun á vegum Te & Kaffi á Íslandi, en þau vinna einnig að uppbyggingu skóga á ræktunarsvæðunum sjálfum þar sem óbein kolefnislosun vegna rekstursins verður þar.

Það er óraunhæft að ætla að gleypa fílinn í einum munnbjita en hvert skref sem tekið er í vegferðinni að sjálfbærni er mikilvægt. Að viðurkenna vandann sem heimurinn stendur frammi fyrir og taka ábyrgð á sjálfbærni í rekstrinum, skref fyrir skref, kemur manni á leiðarenda.

Í lok heimsóknar fengum við allar te eða kaffi að eigin vali að gjöf. Mikið er gaman að sjá svona flott alíslenskt fyrirtæki sem er að gera góða hluti í eigin rekstri og setur umhverfismálin í forgang.

Eftir heimsóknina fórum við á veitingastaðinn Sjáland í Garðabæ, héldum fundinn okkar þar og borðuðum saman góðan mat.

Kær systrarkveðja
Sigrún Arnardóttir
Formaður Soroptimistaklúbbs Árbæjar





Afhending bókaþjafar í heilsugæslu Mosfellsbæjar



Afhending styrks til þróunar á hópmeðferð frá Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur.



Samtakamáttur kvenna í Soroptimistaklúbbum landsins

Mig langar að segja ykkur smá sögu um aðraganda þess að ég gekk í Soroptimistaklúbb Árbæjar, sem var í nóvember 2019.

Ég hafði lengi vitað af samtökunum, sem einum af þessum frábæru góðgerðar- og mannræktarklúbbum þar sem konur taka höndum saman og láta sig varða verkefni í nær- og fjarumhverfi. Verkefnin eru valin út frá markmiðum samtakanna sem eru fimm. Þau snúast um menntun, að uppræta ofbeldi gegn konum, umhverfis og sjálfbærnimál, að efla heilsu og fæðuöryggi í heiminum og valdeflingu kvenna. Þegar verkefni á þessum sviðum fá athygli og viðurkenningu má segja að allir njóti góðs af, bæði fjölskyldur kvenna og samfélagið allt.

Á síðustu árum hefur eitt af verkefnum nokkurra Soroptimistaklúbba um allt land verið að gefa verðandi mæðrum bókina, Fyrstu 1000 dagarnir, barn verður til, eftir Sæunni Kjartansdóttur, sálgeini og einn af stofnendum Miðstöðvar foreldra og barna. Bókina hafa klúbbarnir notað sem verkefni í heimabyggð til að styrkja og styðja verðandi mæður/foreldra.

Miðstöð foreldra og barna var stofnuð árið 2008 til að fylla upp í eyðu í heilbrigðiskerfinu. Þar vantaði sértæka þjónustu til að koma betur á mótis við þarfir verðandi mæðra sem höfðu búið við erfiðar aðstæður eða upplifað áföll og þurftu aðra þjónustu en veitt er í grunnþjónustu heilsugæslunnar án þess að þurfa að leita til geðdeildar LSH.

Bókina skrifaði Sæunn út frá tengsla- og samskiptakenningum og nýrri þekkingu í taugavísindum um þroska ungbarna á fyrstu 1000 dögnum, en það er það tímabil meðgöngunnar og fyrstu tveggja árána, þegar heilinn er í hvað örustum vexti og þroska. Bókin er skrifuð fyrir fagfólk og önnur kafna foreldra í nútímasamfélagi. Með bókinni vildi hún koma því á framfæri að það er í senn flókið, krefjandi og gefandi hlutverk að eignast barn. Ungbörn þurfa hlýja og fyrirsjáanlega umönnun foreldra sem geta gefið sig að þörfum þeirra og sett þær í forgang. Ný þekking og færni er til þess fallin að efla foreldra í foreldrahlutverkinu og í bókinni eru kaflar um það að verða móðir, að verða faðir og hvaða umönnun það er sem ungbarn þarf til að geta tekist á við verkefni í daglegu lífi, tilfinningalega og síðar vitsmunalega. Með aukinni þekkingu og færni verða mæður/foreldrar ungra barna færari um að efla heilsu og félagslega færni næstu kynslóðar.

Þegar kom að því verkefni miðstöðvarinnar að finna leiðir til að koma bókinni til foreldra komu til sögunnar Soroptimistaklúbbar á landinu. Upphaflega var sótt um styrki til að gefa mæðrum sem var vísað til miðstöðvarinnar bókina. Á þeim tíma óskaði Soroptimistaklúbbur Mosfellsveitar eftir kynningu á starfsemi Miðstöðvar foreldra og barna og bókinni sem þá var nýkomin út. Í framhaldinu ákváðu þær að nýta bókina sem gjöf til verðandi mæðra í heimabyggð sem lið í því markmiði soroptimista að valdefla konur og efla heilsu þeirra. Í meðgönguvernd heilsugæslunnar hitta konur ljósmóður reglulega og þar gefast mikilvæg tækifæri til valdeflingar kvenna í nýju hlutverki, foreldrahlutverkinu.

Við sáum strax að þetta væri frábær leið til að koma bókinni að sem víðast. Á þessum fundi okkar með Soroptimistaklúbbi Mosfellsveitar fór boltinn að rúlla og við sáum að sameiginlegt markmið okkar var að auka þekkingu og skilning verðandi mæðra/foreldra á þörfum ungbarna. Í framhaldi af því ákváðum við að senda klúbbum um allt land styrkumsókn fyrir bókinni til gjafar í meðgönguvernd á hverjum stað fyrir sig. Þeir sjö soroptimistaklúbbar sem hafa nýtt sér þetta verkefni á síðustu árum í eitt til þrjú ár eru Soroptimistaklúbbar Árbæjar, Hafnarfjarðar og Garðabæjar, við Húnaflóa, Snæfellsness, Austurlands, Mosfellsveitar og nú á þessu starfsári kom inn Soroptimistaklúbbur Hóla og Fella. Bókin hefur, í nafni soroptimistaklúbba, verið afhent mörg hundruð verðandi mæðrum og hefur okkur margsinnis verið tjáð að ljósmæður séu mjög ánægðar með að afhenda bókina og mæður þakklátar fyrir gjöfina. Hún gefur tilefni til margs konar samræðu um þroskaverkefnið, að verða foreldri, og þær áskoranir sem hver og ein fjölskylda glímir við. Því bera að fagna.

Systur í Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur hafa einnig stutt höfðinglega við umræddan hóp og komið að þróun þjónustu Miðstöðvar foreldra og barna. Þær hafa síðastliðin þrjú ár gefið ágóðann af vinkvennakvöldinu Góðgerði sem varð til þess að þróuð var hópmeðferð fyrir verðandi mæður sem hafði verið vísað til miðstöðvarinnar vegna vanlíðunar eða áfallasögu. Þrjár meðferðarhópar voru keyrðir en síðan skall á COVID-19 og þróunin fór í bið. Nýlega lögðum við fram hugmynd að annarri nálgun sem var samþykkt og er nú verið að undirbúa og taka saman efni til að halda námskeið fyrir verðandi foreldra um hvernig megi efla samskipti við ungbarnið og stuðla þannig að öruggri tengslamyndun þess. Í norrænu samstarfi sem fjallar um þjónustu við börn fyrstu 1000 dagana kom fram að hér á landi vantaði sárlega fræðslu til verðandi foreldra um samskipti og tengsl og munum við því, með ykkar stuðningi, hefjast handa við að bæta þeirri þjónustu við. Á fyrirhuguðum námskeiðum munum halda því á lofti að þau eru í boði soroptimista.

Um áramótin 2019-2020 var miðstöðin innleidd í Heilsugæslu höfðuðborgar-svæðisins og starfar nú undir nafninu Geðheilsuteymi-Fjölskylduvernd. Munum við þar halda áfram með þá þróunarvinnu sem hófst 2008.

Ég vil þakka öllum systur og klúbbum sem lagt hafa sitt að mörkum, annars vegar til þróunar þjónustu sértækrar geðheilsuverndar á meðgöngu og eftir fæðingu og hins vegar við að koma þekkingu bókarnar, Fyrstu 1000 dagarnir, barn verður til, til þeirra sem mest þurfa á henni að halda. Um leið hvet ég aðra klúbba til að skoða það hvort þeir vilji að verkefni í þeirra heimabyggð geti verið að gefa verðandi mæðrum bókina þeim til valdeflingar.

Systrakveðja
Stefanía B. Arnardóttir
Soroptimistaklúbbi Árbæjar



Fréttir frá Tröllaskagasystrum

COVID árið mikla hefur haft sín áhrif hér á Tröllaskaganum eins og annars staðar. Við systur höfum fundað reglulega á zoom og oft verið nær full mæting. Samhliða því höfum við sinnt fjáröflunarverkefnum.

HETTUHANDKLÆÐI, ÞVOTTAPOKAR OG ANDLITSDÚLLUR

Við komum saman nokkrar á haustdögum og saumuðum hettuhandklæði, þvottapoka og andlitsdúllur. Verkefni voru líka send heim til systra og saumaskap haldið áfram þar. Á desemberfundi okkar fengum við svo talskonu frá Bjarmahlíð á Akureyri, Guðrúnu Kristínu Blöndal, og afhentum heimilinu 100.000 kr. styrk.

Saumaskapurinn er svo farinn af stað aftur og hittust nokkrar systur í góðu rými og hófu störfin. Síðan tók ein systir verkefni heim og hefur nú lokið við að sauma þennan skammt núna. Og nú sauma einhverjar heima hjá sér viðbót. Yfirsaumasystir er Marín Jónsdóttir.

SÚPUBÓKIN

Síðasta ár höfum við verið með í smíðum súpubók. Í vetur var lögð lokahönd á bókina og kom hún úr prentun núna um miðjan mars. Verkinu stýrði Emmi Kalinen og hafði með sér þrjár aðstoðarsystur.

MARSFUNDUR

Marsfundur okkar var svo haldinn með mætingu á Kaffi Klöru í Ólafsfirði og var mikil gleði með að geta hist allar aftur. Við kusum í embætti og fögnuðum tilverunni. Í apríl ætlum við svo að hittast í góðum sal þann 24. og vera á landsfundinum saman.

Með kveðjum frá Tröllaskagasystrum,
Þóra Rósa Geirsdóttir





ALÞJÓÐLEGUR BARÁTTUDAGUR KVENNA

8. MARS

Soroptimistar hafa verið hvattir til þess að minnst 8. mars, alþjóðlegs baráttudags kvenna. Því er hér órlítil söguleg samantekt um þennan merka dag í kvennasögunni.

Hugmyndina að stofnun sérstaks baráttudags kvenna átti þýska kvenréttindakonan Clara Zetkin. Hún bar tillöguna upp á fundi Alþjóðasamtaka sósíalískra kvenna sem haldinn var í Kaupmannahöfn árið 1910 undir nafninu Vinnandi konur. Þann fund sóttu 130 konur frá 16 löndum. Ekki var fastsett dagsetning fyrir fyrirhugaðan baráttudag, en mikilvægt þótti að velja sunnudag, þar sem það var eini frídagur verkakvenna í þá daga. Ári síðar, í mars 1911, var Alþjóðabaráttudagur kvenna fyrst haldinn í Danmörku, Þýskalandi, Austurríki og Sviss og á næstu árum breiddust fundirnir út til fleiri landa. Fyrstu árin voru baráttumál dagsins gjarnan kosningaréttur og samstaða verkakvenna. Árið 1921 var tillaga Clöru Zetkin samþykkt um að frá þeim tíma yrði baráttudagurinn ávallt haldinn 8. mars.

Ein þáttaskil í sögu baráttudagsins urðu þegar nasistar komust til valda í Þýskalandi árið 1933. Nasistar bönnuðu öll samtök kvenna, en 8. mars var í staðinn gerður að mæðradegi. Þótt kvennabaráttan hafi reynt erfið á stríðsárunum um allan heim, þá gáfust konur ekki upp.

Önnur þáttaskil urðu, ekki síst fyrir íslenska kvennasögu, þegar Alþjóðasamband lýðræðissinnaðra kvenna var stofnað í París árið 1945, en þau samtök ákváðu að 8. mars yrði jafnframt helgaður baráttu kvenna fyrir friði. Þann fund sat íslensk kona, Laufey Valdimarsdóttir, fulltrúi Kvenréttindafélags Íslands. Laufey kom heim til Íslands með tillögu um að 8. mars yrði helgaður réttindabaráttu kvenna á Íslandi, en fram að því hafði dagsins ekki verið minnst á áberandi hátt hér á landi.

Með tilkomu Rauðsokkahreyfingarinnar um 1970 gekk 8. mars enn í endurnýjun lífdaga hér á landi og víða um heim. Sameinuðu þjóðirnar lýstu því yfir að árið 1975 skyldi verða alþjóðlegt kvennaár og að 8. mars yrði alþjóðlegur baráttudagur kvenna fyrir friði og jafnrétti.

Saga 8. mars á Íslandi

Menningar- og friðarsamtök íslenskra kvenna, MFÍK, voru stofnuð árið 1951 og hafa samtökin minnst 8. mars frá stofnun samtakanna og samþykkt ýmsar ályktanir í tilefni dagsins. Á þessum fundum hefur fjöldi þjóðkunnra kvenna og karla komið fram og listamenn lagt sitt af mörkum. Baráttan gegn bandarísku herstöðinni og aðild Íslands að

Atlantshafsbandalaginu var fyrirferðarmikil í 8. mars dagskrám MFÍK lengi vel og flutti meðal annars Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands, ræðu árið 1961 um starf hernámsandstæðinga. Andófið gegn Vítanamstríðinu setti einnig nokkurn svip á dagskrána 8. mars á sjöunda og áttunda áratugunum.

Ýmiss þemu hafa verið helguð 8. mars í gegnum tíðina, þótt á fyrstu árunum hér á landi hafi kjör verkakvenna og friðarmál verið fyrirferðarmikil. Dagskráin hefur vakið mis mikla athygli eins og verða vill. Árið 1984 efndu Kvennalistakonur til aðgerða fyrir utan matvöruverslun í Austurstræti og fóru fram á að borga einungis 2/3 af uppsettu verði matvara sem þær keyptu. Það sögðu þær vera í samræmi við launamun kynjanna í íslensku samfélagi.

Frá árinu 1984 hafa fjöldi samtaka og stéttarféлага vakið athygli á 8. mars með ýmsum hætti. Samtökin Stígamót voru stofnuð 8. mars 1990.

Yfirskrift baráttudagsins tekur mið af baráttumálum hvers tíma, sem eru töluvert önnur nú en á sokkabandsárunum. Síðan 1975 hefur hvert ár sitt þema sem er ákveðið af Jafnréttisstofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Women). Þannig var þema Alþjóðlegs baráttudags kvenna 8.mars í fyrra: „Ég er JafnréttisKynslóðin: Að hrinda kvenréttindum í framkvæmd“. Í ár er þemað: „Konur í forystu í heimi COVID-19“.

Alþjóðlegur baráttudagur kvenna, 8. mars, er dagur þar sem við erum hvattir til að hugleiða framfarir sem orðið hafa á réttarstöðu kvenna, minnst hversdagshetjanna og annarra hetja sem rutt hafa veginn, fagna hugrekki þeirra og áræðni.

En 8. mars er einnig dagur þar sem við eigum að hugleiða hvaða ljón eru enn í vegi þess að kynjajafnrétti sé náð hér á landi og annars staðar, hvað þurfi til að valdefla konur um allan heim, á öllum sviðum þjóðfélagsins. Soroptimistahreyfingin um allan heim leggur sitt af mörkum í þeirri baráttu og af því skulum við vera stoltar.

Greinin byggir á eftirfarandi heimildum:

Auður Styrkásdóttir. 8.mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna. Kvennasögusafn Íslands

<https://kvennasogusafn.is/index.php?page=8-mars>

Menningar- og friðarsamtök kvenna MFÍK

<https://mfik.wordpress.com/8-mars/>

Umfjöllun um 8. mars á heimasíðu UNWomen á Íslandi.

Wikipedia.org. Alþjóðlegur baráttudagur kvenna

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir
Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur





Pistill

FRÁ STÖRFUM KÓPAVOGSKLÚBBS

Það er rúm títur síðan við í Soroptimistaklúbbi Kópavogs þurftum í fyrsta sinn að fresta fundi vegna COVID-heimsfaraldursins, akkúrat marsfundurinn 2020. Það var hálfgeft áfall og við vonuðumst til að þetta yrði eini fundurinn þar sem við gætum ekki hist. Sú varð ekki raunin. En þrátt fyrir allt hefur klúbburinn minn getað viðhaldið starfinu í þessu fári.

Við höfum haldið fjarfundi mánaðarlega og einungis getað hist í raunheimum einu sinni á þessu tímabili. Það var á júní-fundinum í fyrra en þá fagnaði klúbburinn 45 ára afmæli sínu. Á þeim fundi voru fjórar nýjar systur teknar í klúbbinn og nú bíða aðrar fjórar eftir inntöku. Það er ánægjulegt og mikil hvatning að klúbbsystur skuli bera upp nýjar systur og vissulega staðfesting á góðu orðspori starfs okkar. Eftir næstu inntöku verða klúbbsystur 55 talsins og fylla 11 starfsgreinaflokkar af 13.

Stjórn hefur unnið í að virkja skipurit og verkaskiptingu samkvæmt þríhyrningnum með góðum árangri. Með því að virkja tengiliði stjórnar við nefndir hafa samskiptaleiðir verið einfaldari og skýrari og nefndir fundið áþreifanlegri stuðning við sín störf.

Aðalverkefni klúbbsins undanfarin ár hefur verið í samvinnu við Velferðarsvið Kópavogsbæjar og falist í námskeiðum í sjálfsstyrkingu fyrir ungar konur. Klúbburinn hefur nú útfært það frekar á þann hátt að nú er einnig boðið upp á námskeið fyrir konur af erlendum uppruna. Námskeið á ensku hófst nú í mars og taka 9 konur þátt í því. Námskeiðið er 6 skipti og er haldið í húsnæði Sílf í Hamraborg.

Fjáröflunarnefndin var öflug á síðasta ári, seldi síld og túlípána með góðum árangri, bæði fyrir jóla og þorra. Þar lögðu margar systur hönd á plóg við fjáröflun og útkeyrslu.

Skemmtinefnd sá um jólafund klúbbsins, keypti konfekt frá Krafti, styrktarfélagi krabbameinssjúkra, og keyrði út til systra fyrir fundinn ásamt stjórnarkonum. Systrum var þá einnig færður nýi nafnalistinn og jólakort frá stjórn. Skemmtinefnd sá um ljúfa skemmtun á jólafundinum, söng og spil í anda jólanna. Einnig sá hún um uppistand á 8. mars fundi klúbbsins þar sem systur gátu hlegið saman á Zoom auk þess sem systur sameinuðust um að sýna stopp merkið og segja „stöðvum kynbundið ofbeldi“.

Kópavogsklúbbur á margar systur í embættum á vegum Sílf, sendifulltrúa, verkefnastjóra og aðstoðarverkefnastjóra, fulltrúa í fjárhagsnefnd, auk umsjónar með Hamraborg. Það er gott fyrir reynslubanka klúbbsins að eiga þessa embættismenn sem geta deilt af sínum störfum til klúbbsins og þannig laðað fleiri systur til embætta fyrir Sílf.

Systir okkar Hafdís Karlsdóttir er nú í framboði til næsta forseta SIE og fer þar fram gegn systur frá Finnlandi. Við í Kópavogsklúbbi erum hennar bakland og stuðningur og höfum sýnt það í orði og á borði. Það var gott og gaman að geta liðsinnt framboði hennar við gerð myndbandsins, allar saman á Zoom segjandi í einum takti „Together as a Team“. Við óskum Hafdís velgengni í baráttunni með ósk um að hún beri tilætlaðan árangur. Og við vitum að þannig er hugur okkar allra íslenskra Soroptimista.

Sunnuhlíðarverkefnið hefur verið eitt af aðal verkefnum klúbbsins frá upphafi stofnunar hans. Í vor kom út bók um Sunnuhlíðarsamtökin og er tengslum Soroptimistaklúbbs Kópavogs við samtökin getið hér annars staðar í blaðinu.

Með kærri systrakveðju og von um að við getum hist í raunheimum á haustfundi 2021.

Signý Þórðardóttir
formaður Soroptimistaklúbbs Kópavogs

Frá umsjónarmanni nafnalista SÍ

Í haust skila ég af mér embætti umsjónarmanns nafnalista. Það hefur verið lærdómsríkt og stundum annasamt að halda félagatalinu við en það hefur átt vel við mig þar sem ég er svona „excel manneskja“. Ég hef fengið góða til sögn hjá Helgu Óladóttur, Reykjavíkurlúbbi, hún er í tækninefnd vefmála SÍ, og hefur séð um allar uppfærslur á félagatalsvefnum. Þakka ég henni fyrir aðstoðina og gott samstarf. Síðan eru það systur, aðallega ritarar klúbba, sem hafa mest að segja við að hafa félagatalið sem réttast og senda upplýsingar til umsjónarmanns. Áður en ósk um breytingu er send vil ég benda systur á að skoða fyrst félagatalið á vefnum og athuga hvort leiðrétting sé komin þar inn. Skiljanlega getur útprentaði nafnalistinn ekki verið réttur lengi en félagatalið á vefnum á helst alltaf að vera rétt.

Í maí verða send út rafræn eyðublöð til allra klúbba vegna embættismannalista næsta starfsárs og staðfestingar á fjölda klúbbsystra. Á talningardaginn þann 30. júní þarf umsjónarmaður að skila yfirliti til stjórnar SÍ um fjölda félaga í hverjum klúbba ásamt upplýsingum um hreyfingar á félagaskráningunni frá 1. júlí 2020.

Frá síðasta talningardegi hafa eftirtaldir breytingar orðið: Systur hefur fækkað um tvær og eru nú 631. Nýjar systur eru níu talsins, sex systur hafa látist og fimm systur hafa hætt. Fækkað hefur um eina systur í fimm klúbbum og fjölgun hefur aðeins orðið í tveimur klúbbum (1-2).

Nítján klúbbar eru í Soroptimistasambandi Íslands. Meðalfjöldi í klúbba er 33 og finnst mér sú tala ágætis markmið að stefna að fyrir þá klúbba sem eru undir meðaltali. Við þurfum að hafa í huga að meðalaldur systra fer hækkandi í klúbbum og það getur verið lag núna, að fá yngri konur inn, eftir að við losnum við höft og getum farið að hittast á ný. Áherslur í þjóðfélaginu hafa breyst og við metum betur að vera í félagsskap og láta gott af okkur leiða. Síðan er það svo gefandi að eiga bæði eldri og yngri systur.

Ég er ánægð með hvað vefurinn okkar www.soroptimist.is er orðinn lifandi og hvað þar er margt fróðlegt að finna. Við þurfum að vera duglegar að heimsækja vefinn og í leiðinni fylgjast með félagatalinu og passa að allar upplýsingar séu réttar. Okkur hefur farið svolítið

aftur við að skila inn myndum í félagatalið en nokkrir klúbbar eru til fyrirmyndar. Á vefnum eru eyðublöð sem æskilegt er að nota og senda til umsjónarmanns þegar það á við á nafnalisti@soroptimist.is. Eyðublöðin eru: „Nýr félagi – staðfesting“, „Úrsögn úr klúbba“ (sama fyrir dánartilkynningu) og „Flutningur á milli klúbba“. Á þessum eyðublöðum eru allar upplýsingar sem umsjónarmaður þarf á að halda. Einnig eru á vefnum Starfsgreinalykjar sem starfsgreinanefndir klúbba þurfa að kynna sér vel. Þegar ný systir er tilkynnt til umsjónarmanns nafnalista er mikilvægt að starfsgreinanefnd sé búin að finna réttan starfsgreinalykil og að hann fylgi með tilkynningunni. Ný systir þarf að vera sáttt með þann lykil sem hún er flokkuð í.

Nafnalistar voru prentaðir og gefnir út í september 2020. Vegna COVID-19 og að systur gátu ekki hist gekk illa að koma þeim til skila hjá klúbbum, framan af, en vonandi eru allar búnar að fá sinn nafnalista.

Umsjónarmaður nafnalista fer sjálfkrafa í starfsgreinanefnd og er formaður nefndarinnar. Í nefndinni eru einnig Ásta Thoroddsen, Reykjavíkurlúbbi og Mjöll Flosadóttir, Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbi. Ný erindi hafa ekki borist nefndinni á þessu starfsári.

Frá því í maí 2017, þegar þriðja útgáfa af starfsgreinalyklunum var gefin út, hafa átta starfsheiti bæst við: Líftækniþæðingur, fornleifafræðingur, öldrunarhjúkrunarfræðingur, ræstingastjóri, heilsunuddari, iðnaðarverkfræðingur, fjölmenningsfræðingur og viðburðastjóri.

Í reglugerð klúbbalaga kemur fram að æskilegt sé að hafa sem flestar starfsgreinar, vil ég því benda á að fæstar systur eru í flokkunum Fjölmíðlun og almannatengsl, Raunvísindi og Verkfræði og tækni.

Takk fyrir gott samstarf og njótið þess að vera soroptimistar.

Laufey Guðrún Baldursdóttir
Soroptimistaklúbbi Akureyrar
Umsjónarmaður nafnalista 2019-2021

